

Úrræði sem útgefendum skuldabréfa í eigu sjóða sem reknir eru af Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV standa til boða vegna greiðsluerfiðleika

Rekstrarfélög verðbréfasjóða skulu starfrækja sjóði um sameiginlega fjárfestingu með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi, þ.á.m. hámarka endurheimtur á kröfum sjóða sem þau reka. Rekstrarfélög verðbréfasjóða hafa yfirleitt ekki sömu möguleika til samvinnu við fyrirtæki vegna fjárhagslegar endurskipulagningar eins og t.d. viðskiptabankar. Ástæða þess er að sjaldnast er um að ræða trúnaðarsamband milli rekstrarfélags og fyrirtækis hvað varðar rekstur þess og áætlanir. Flest gögn sem rekstrarfélög hafa aðgang að um fyrirtæki, sem sjóðir þeirra eiga kröfur á, eru opinber gögn. Rekstrarfélög eru sjaldan aðalkröfueigandi fyrirtækja og eru þ.a.l. í fæstum tilvikum leiðandi aðili í endurskipulagningu þeirra þó rekstrarfélög geti komið að nauðasamningum sem atkvæðismenn.

Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. getur boðið útgefendum skuldabréfa eftirfarandi úrræði við sannanlegum og alvarlegum greiðsluvanda.

a) **Skilmálabreyting**

Fyrirtæki sem eiga í alvarlegum greiðsluvanda geta óskað eftir skilmálabreytingum á útgefnum skuldabréfum. Skilmálabreytingar skulu miða að því að útgefandi standi að fullu við skuldbindingar sínar m.v. eðlilegt endurgreiðsluferli að mati rekstrarfélagsins. Skilmálabreyting getur hentað sem lausn við tímabundnum greiðsluvanda útgefanda og skal einungis veitt útgefendum sem með sannanlegum hætti geta ekki staðið við skuldbindingar sínar. Skilmálabreytingar verða ekki samþykktar nema rekstrarfélagið telji sennilegt að útgefandi geti staðið við skuldbindingar sínar eftir breyttum skilmálum. Ekki verður vikið lengra frá upphaflegum skilmálum en nauðsynlegt er til að ná ofangreindum markmiðum, að mati rekstarfélagsins.

b) **Nauðasamningur**

Sé greiðsluvandi útgefanda með þeim hætti breyting skilmála nægi ekki til lausnar getur útgefandi óskað eftir greiðslustöðvun og/eða heimild til að leita nauðasamninga við lánadrottna sína. Afstaða rekstrarfélagsins til fyrirliggjandi nauðasamninga mótast af því hvort hlutdeildarskírteinishafar viðkomandi sjóðs (eiganda útgefina skuldabréfa) séu betur settir með samþykkt samnings eða synjun (sem kann að leiða til gjaldþrotaskipta útgefanda). Hagsmunir hlutdeildarskírteinishafa felast m.a. í endurheimtuhlutfalli krafna viðkomandi sjóðs á hendur útgefandanum og á hve löngum tíma unnt er að innleysa þá fjármuni sem falla í hlut sjóðsins.